

Nd.

477. Frumvarp til laga

um brunatryggingar á Akureyri.

Flm.: Sigurður E. Hliðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar skal heimilt að semja við eitt eða fleiri brunabótafélög um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum á Akureyri, enda staðfesti atvinnu-málaráðherra slíkan samning.

Tekjur þær, sem verða af starfseminni samkvæmt slíkum samningi, skulu skattfrjálssar til bæjarsjóðs og rikissjóðs.

2. gr.

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, tryggð sjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álitur hæfilega.

3. gr.

Öll iðgjöld og virðingargjöld hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem hvíla á eignunum, og séu iðgjöldin ekki greidd í réttum gjalddaga, má heimta þau eftir þeim reglum, sem gilda um lögtak á sköttum til rikissjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að sjá um, að bærinn hafi vel skipað slökkvilið og nauðsynleg slökkvitól, sem haldið sé vel við.

Allir karlmenn í bænum, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, bæði við æfingar og við að slökkva eld, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem bæjarstjórnin semur, en atvinnu-málaráðherra staðfestir, og má í þeirri samþykkt ákveða sektir allt að 1000 krónum, fyrir brot á ákvæðum hennar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Akureyrar.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð samkvæmt 4. gr. skal farið sem almenn lögglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hefur það vakið meгна óánægju manna á Akureyri, hve brunatryggingar þar í bæ væru dýrar. Þrátt fyrir itrekuð tilmæli stjórnarvalda bæjarins um lækkuð iðgjalda, hefur Brunabótafélag Íslands alltaf daufheyrt við þeim tilmælum og borið því við, að slökkvilið og slökkvitæki væru ekki í því lagi, að gerlegt væri að lækka iðgjöld.

Nú á síðustu árum hefur verið úr þessu bætt, bæði hefur brunalið verið aukið og æft og nýtizku slökkvitæki keypt. Má því segja, að hvort tveggja sé nú í bezta lagi. En iðgjöldin fást samt ekki lækkuð. Hefur bæjarstjórn Akureyrar því samþykkt á síðastliðnu hausti að fara fram á það að fá undanþágu frá brunabóta-lögunum, en í þess stað að fá heimild að semja við eitt eða fleiri brunabótafélög um tryggingu gegn eldsvoða á Akureyri, á sína visu eins og Reykjavík fékk heimild til með lögum nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík. Er þetta frv. að mestu leyti sniðið eftir þeim lögum.